

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/1447****2026/EES/36/06****frá 18. júlí 2025**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum c-, d- og e-lið 8. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ⁽²⁾ er mælt fyrir um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625.
- 2) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1141 ⁽³⁾ er 3. lið III. þáttar III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽⁴⁾ breytt með því að leyfa starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr að taka á móti og meðhöndla alda strútfugla og alin veiðidýr úr hópi klaufdýra sem er slátrað á upprunastað. Hagnýtt fyrirkomulag við opinbert eftirlit og tengda starfsemi í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 vísar eingöngu til slátruhúsa og ætti, sem afleiðing breytinga á reglugerð (EB) nr. 853/2004, einnig að vísa til starfsstöðva sem meðhöndla veiðidýr. Því ætti að breyta 7. gr. (2. mgr.), 9. gr., 10. gr. (1. mgr.), 27. gr. (2. mgr.), 33. gr. (1. mgr.), 34. gr. (1. mgr.), 39. gr. (a-liður 2. mgr.), 48. gr. (b-liður 2. mgr.) og 5. lið I. viðauka og b- og c-lið 1. liðar II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/627 til samræmis við það.
- 3) Í 9. og 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um skyldur lögbærra yfirvalda eða fulltrúa þeirra almennt og einkum opinbers dýralæknis að því er varðar athuganir á upplýsingum um matvælaferlið. Tiltekin tvíræðni og tiltekinn mismunur við framkvæmd hafa komið í ljós að því er varðar athuganir sem allir fulltrúar lögbærra yfirvalda mega framkvæma og athuganir sem opinber dýralæknir skal framkvæma. Þar eð sannpröfun á upplýsingum um matvælaferlið er hluti af skoðun fyrir slátrun, eins og hún er skilgreind í c-lið 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, er það að meginreglu til opinber dýralæknir sem á að framkvæma þessa sannpröfun í samræmi við a- og b-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, með tilliti til þeirra undanþága sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2026/293, 10.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/627/oj).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1141 frá 14. desember 2023 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða tiltekið kjöt, lagarafurðir, mjólkurafurðir og egg (Stjtið. ESB L, 2024/1141, 19.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1141/oj).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2004/853/oj>).

(ESB) 2017/625 og 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 ⁽⁵⁾. Í öðrum tilvikum en skoðun fyrir slátrun, t.d. við úttektir, mega allir fulltrúar lögbærna yfirvalda framkvæma athuganir á upplýsingum um matvælaferlið. Breyta ætti 9. og 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 til að endurspeglar betur hver eigi að framkvæma athuganir á upplýsingum um matvælaferlið.

- 4) Í I. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 ⁽⁶⁾ er skrá yfir aðildarríki og svæði þeirra með sjúkdómalausri stöðu varðandi berkla (þ.e. sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*)). Í þágu lagalegs skýrleika er nauðsynlegt að uppfæra vísunina í þá skrá í b-lið 1. mgr. 18. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627.
- 5) Í 18. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. mgr.), 20. gr. (2. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (2. mgr.) og 23. gr. (2. mgr.) framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er kveðið á um að fylgja skuli verklagsreglum við skoðanir eftir slátrun í tengslum við tamin hóf- og klaufdýr með því að rista í og þreifa á skrokkum og sláturmat ef vísbendingar eru um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði eða velferð dýra. Ristun og þreifing gefa valdið víxlmenkun við sjúkdómvalda sem eru hugsanlega fyrir hendi á skrokkum eða sláturmat. Því ættu ekki allar frekari verklagsreglur um skoðun eftir slátrun að vera skyldubundnar, heldur eingöngu þær sem skipta máli á grundvelli vísbendinga um hugsanlega áhættu. Því ætti að breyta 18. gr. (3. mgr.), 19. gr. (2. mgr.), 20. gr. (2. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (2. mgr.) og 23. gr. (2. mgr.) framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 til samræmis við það.
- 6) Mælt er fyrir um ítarlegar reglur um tilkynningu og skýrslugjöf um skráða smitandi dýrasjúkdóma í Sambandinu í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 ⁽⁷⁾. Í þágu lagalegs skýrleika er því nauðsynlegt að uppfæra vísunina í tilskipun ráðsins 64/432/EBE ⁽⁸⁾ í 3. mgr. 39. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627.
- 7) Í 40. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við opinbert eftirlit í tengslum við fylgni við kröfur sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 að því er varðar upplýsingar um matvælaferlið í skráum sem eru haldnar í samræmi við I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ⁽⁹⁾. Í 40. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er vísað eingöngu til slátrunar í slátruhúsum. Með VI. kafla a í I. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er þó heimilt, með fyrirvara um tilteknar kröfur, að slátra tömdum hóf- og klaufdýrum á upprunabúinu. Með 3. lið III. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er heimilt, með fyrirvara um tilteknar kröfur, að slátra öldum strútfuglum og öldum veiðidýrum úr hópi klaufdýra á upprunabúinu. Í VI. kafla í I. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru settar kröfur um neyðarslátrun taminna hóf- og klaufdýra utan slátruhúss. Breyta ætti 40. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 til að hún nái yfir þessi tilvik slátrunar á upprunabúi og neyðarslátrunar utan slátruhúss.

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 frá 8. febrúar 2019 um sértækar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits með framleiðslu á kjöti og með framleiðslu- og umlagningarsvæðum fyrir lifandi samlokur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2019/624/oj).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólf þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/620/oj).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvalda upplýsingakerfið (Stjtið. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2002/oj).

⁽⁸⁾ Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/1964/432/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2004/852/oj>).

- 8) Í 42. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um ráðstafanir sem grípa á til ef um er að ræða villandi upplýsingar um matvælaferlið. Sú grein vísar eingöngu til sláturhúsa. Til að endurspegla nýlegar breytingar á 1. og 2. lið III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 ætti að breyta 42. gr. til að hún nái yfir starfsstöðvar sem meðhöndla veiðidýr ef um er að ræða tamin veiðidýr sem er slátrað á upprunabúinu.
- 9) Sem stendur er mælt fyrir um sjúkdómavarnarástafanir Sambandsins varðandi tiltekna skráða dýrasjúkdóma sem gætu haft áhrif á tiltekin dýr og þar af leiðandi hvort nýtt kjöt af þessum dýrum er hæft til mannelis í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 ⁽¹⁰⁾ og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 ⁽¹¹⁾. Í þágu lagalegs skýrleika er því nauðsynlegt að uppfæra vísanirnar í e-lið 45. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 til samræmis við það.
- 10) Skýra ætti tenginguna milli krafna um form heilbrigðismerkisins í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 og krafanna um sérstakt heilbrigðismerki sem mælt er fyrir um vegna varna gegn tilteknum skráðum dýrasjúkdómum samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429. Breyta ætti 3. mgr. 48. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 til samræmis við það.
- 11) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um hagnýtt fyrirkomulag fyrir heilbrigðismerki í samræmi við 48. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar. Í c-lið 1. liðar í þeim II. viðauka er vísað til Evrópubandalagsins í stað Evrópusambandsins. Skammstafanir sem vísa til Evrópusambandsins ættu því að koma í stað skammstafana sem vísa til Evrópubandalagsins. Til að minnka stjórnsýsluálagið sem þessi útskipti skapa fyrir rekstraraðila ætti að kveða á um umbreytingartímabil þar sem vörur með heilbrigðismerki með skammstöfun sem vísar til Evrópubandalagsins mega vera áfram á markaði.
- 12) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Við úttekt í sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr skulu lögbær yfirvöld staðfesta mat á upplýsingum um matvælaferlið eins og mælt er fyrir um í III. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.“

- 2) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

Skyldur lögbærra yfirvalda að því er varðar athuganir á skjölum, aðrar en athuganir á upplýsingum um matvælaferlið sem um getur í 1. mgr. 10. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa stjórnanda matvælafyrirtækisins á upprunabúinu um þau atriði sem þurfa að lágmarki að koma fram í upplýsingum um matvælaferlið sem skal afhenda stjórnanda sláturhússins eða starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr í samræmi við III. þátt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/429/oj>).

⁽¹¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 64, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2020/687/oj).

2. Lögbær yfirvöld skulu framkvæma nauðsynlegar athuganir á skjölum til að staðfesta að:
- upplýsingar um matvælaferlið séu sendar með samræmdum og skilvirkum hætti milli stjórnanda matvælafyrirtækisins sem ól eða hélt dýrin fyrir sendingu og stjórnanda sláturhússins eða starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr,
 - upplýsingar um matvælaferlið séu gildar og áreiðanlegar,
 - endurgjöf með viðeigandi upplýsingum til upprunabúsins, ef við á, sé lögð fram í samræmi við 5. mgr. 39. gr.
3. Ef dýr eru send til slátrunar í öðru aðildarríki skulu lögbær yfirvöld á upprunabúi og slátrunarstað starfa saman til að sjá til þess að stjórnandi sláturhússins eða starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr, sem fær sendinguna, hafi greiðan aðgang að þeim upplýsingum um matvælaferlið sem stjórnandi matvælafyrirtækisins á upprunabúinu leggur fram.“
- 3) Í stað 1. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:
- „1. Við framkvæmd skoðana fyrir slátrun skal opinber dýralæknir staðfesta niðurstöður úr athugunum og mati á upplýsingum um matvælaferlið sem stjórnandi sláturhússins eða starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr leggur fram í samræmi við III. þátt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Opinberi dýralæknirinn skal taka tillit til þessara athugana og mats þegar hann framkvæmir skoðanir fyrir og eftir slátrun ásamt öllum öðrum upplýsingum sem skipta máli úr skránum frá upprunabúi dýranna.“
- 4) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:
- Í stað b-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:
 - dýrum yngri en 20 mánaða ef þau eru haldin allan lífsferil sinn án aðgengis að beitilandi í aðildarríki eða svæði í aðildarríki sem er opinberlega laust við berkla og er skráð í I. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 (*).
- (*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinnna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/620/oj).“
- Í stað inngangsmálsliðar í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Ef vísbendingar eru um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða velferð dýra í samræmi við 24. gr. skal opinber dýralæknir fylgja eftirfarandi verklagsreglum við skoðanir eftir slátrun sem eiga við á grundvelli vísbendinga um hugsanlega áhættu, í samræmi við c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 7. og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/624, með því að rista í og þreifa á skrokknum og sláturmatnum:“
- 5) Í stað inngangsmálsliðarins í 2. mgr. 19. gr. kemur eftirfarandi:
- „Ef vísbendingar eru um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða velferð dýra í samræmi við 24. gr. skal opinber dýralæknir fylgja eftirfarandi verklagsreglum við skoðanir eftir slátrun sem eiga við á grundvelli vísbendinga um hugsanlega áhættu, í samræmi við c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 7. og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/624, með því að rista í og þreifa á skrokknum og sláturmatnum:“
- 6) Í stað inngangsmálsliðarins í 2. mgr. 20. gr. kemur eftirfarandi:
- „Ef vísbendingar eru um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða velferð dýra í samræmi við 24. gr. skal opinber dýralæknir fylgja eftirfarandi verklagsreglum við skoðanir eftir slátrun sem eiga við á grundvelli vísbendinga um hugsanlega áhættu, í samræmi við c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 7. og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/624, með því að rista í og þreifa á skrokknum og sláturmatnum:“

- 7) Í stað inngangsmálsliðarins í 2. mgr. 21. gr. kemur eftirfarandi:

„Ef vísbendingar eru um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða velferð dýra í samræmi við 24. gr. skal opinber dýralæknir fylgja eftirfarandi verklagsreglum við skoðanir eftir slátrun sem eiga við á grundvelli vísbendinga um hugsanlega áhættu, í samræmi við c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 7. og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/624, með því að rista í og þreifa á skrokknum og sláturmatnum.“

- 8) Í stað inngangsmálsliðarins í 2. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„Ef vísbendingar eru um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða velferð dýra í samræmi við 24. gr. skal opinber dýralæknir fylgja eftirfarandi verklagsreglum við skoðanir eftir slátrun sem eiga við á grundvelli vísbendinga um hugsanlega áhættu, í samræmi við c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 7. og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/624, með því að rista í og þreifa á skrokknum og sláturmatnum.“

- 9) Í stað inngangsmálsliðarins í 2. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„Ef vísbendingar eru um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða velferð dýra í samræmi við 24. gr. skal opinber dýralæknir fylgja eftirfarandi verklagsreglum við skoðanir eftir slátrun sem eiga við á grundvelli vísbendinga um hugsanlega áhættu, í samræmi við c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 7. og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/624, með því að rista í og þreifa á skrokknum og sláturmatnum.“

- 10) Í stað 2. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef dýrunum var slátrað utan sláturhússins skal opinberi dýralæknirinn í sláturhúsinu eða á starfsstöðinni sem meðhöndlar veiðidýr sannreyna vottorðið.“

- 11) Í stað 1. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef dýr hafa sýnt jákvæða svörun við túberkúlínprófun eða svörun án niðurstöðu eða ef aðrar ástæður eru fyrir grun um smit skal þeim slátrað eða þau meðhöndluð aðskilið frá öðrum dýrum og varúðarráðstafanir gerðar til að komast hjá hættu á að smit komist í aðra skrokka, framleiðslulínuna og starfsfólkið í sláturhúsinu eða starfsstöðinni sem meðhöndlar veiðidýr.“

- 12) Í stað 1. mgr. 34. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef dýr hafa sýnt jákvæða svörun við öldusóttarprófun eða svörun án niðurstöðu eða ef aðrar ástæður eru fyrir grun um smit skal þeim slátrað eða þau meðhöndluð aðskilið frá öðrum dýrum og varúðarráðstafanir gerðar til að komast hjá hættu á að smit komist í aðra skrokka, framleiðslulínuna og starfsfólkið í sláturhúsinu eða starfsstöðinni sem meðhöndlar veiðidýr.“

- 13) Ákvæðum 39. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað a-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) opinberi dýralæknirinn skal upplýsa stjórnanda sláturhússins eða starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr.“

- b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Lögbær yfirvöld skulu færa niðurstöður úr opinberu eftirliti inn í viðeigandi gagnagrunna, a.m.k. þegar söfnunar slíkra upplýsinga er krafist skv. 4. gr. tilskipunar 2003/99/EB, 3. og 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 (*) og III. viðauka við tilskipun 2007/43/EB.“

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið (Stjtið. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2002/oj).“

14) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 40. gr.:

„4. Opinber dýralæknir skal einnig tryggja að dýrum sé ekki slátrað nema hann eða hún hafi sannreynt viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið í samræmi við b-lið 2. mgr. 9. gr., ef um er að ræða:

- a) neyðarslátrun utan sláturhúss í samræmi við VI. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- b) slátrun taminna nautgripa, annarra en ameríkuvísunda, og sauðfjár, geita og svína og taminna staktæðra hófdýra á upprunabúi, önnur en neyðarslátrun, í samræmi við VI. kafla a í I. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- c) slátrun alinna strútfugla og alinna veiðidýra úr hópi klaufdýra á upprunabúi í samræmi við 3. lið III. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og ameríkuvísunda í samræmi við 4. lið III. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.“

15) Í stað fyrsta málsliðar 2. mgr. 42. gr. kemur eftirfarandi:

„Lögbær yfirvöld skulu gripa til aðgerða gegn stjórnanda matvælafyrirtækisins sem ber ábyrgð á upprunabúi dýranna eða öðrum aðila sem á hlut að málinu, þ.m.t. stjórnandi sláturhússins eða starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr.“

16) Í stað e-liðar 45. gr. kemur eftirfarandi:

„e) er af dýrum sem eru sýkt af dýrasjúkdómum sem mælt er fyrir um dýraheilbrigðisreglur fyrir í, eða dýraheilbrigðisreglur eru samþykktar um á grundvelli, II. bálks III. hluta eða 259. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, einkum af dýrum sem eru sýkt af dýrasjúkdómum sem mælt er fyrir um dýraheilbrigðisreglur fyrir í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 (*), nema það sé fengið í samræmi við sértæku kröfurnar sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/429 og í framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 (*); þessi undanþága gildir ekki ef kveðið er á um annað í kröfum vegna opinbers eftirlits með berklum og öldusótt sem kveðið er á um í 33. og 34. gr. þessarar reglugerðar,

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 64, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2020/687/oj).“

17) Ákvæðum 48. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) heilbrigðismerkið er sett á ytra borð skrokks með því að stimpla með bleki eða með brennimerkingu þannig að ef skrokkarnir eru hlutaðir í sláturhúsinu eða á starfsstöðinni sem meðhöndlar veiðidýr til helminga eða í fjórðunga eða ef hálfir skrokkar eru stykkjaðir í þrjá hluta sé heilbrigðismerki á hverju stykki.“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í 3. mgr.:

„Í stað krafanna um form heilbrigðismerkis í II. viðauka við þessa reglugerð geta komið kröfurnar um sérstakt heilbrigðismerki sem mælt er fyrir um á grundvelli 67. gr. (a-liður annarrar undirgreinar), 71. gr. (3. eða 4. mgr.) eða 259. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.“

18) Í stað fyrirsagnar 5. liðar I. viðauka í fyrirmynd að skjali kemur eftirfarandi:

„5. Samskiptaupplýsingar sláturhúss eða starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr (samþykkisnúmer)“.

19) Í stað b- og c-liðar 1. liðar II. viðauka kemur eftirfarandi:

„b) samþykkisnúmer sláturhússins eða starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr,

c) (ef merkið er sett á í starfsstöð sem er staðsett í Sambandinu) skammstafanirnar EC, EU, EL, UE, EE, AE, ES eða EÚ. Þessar skammstafanir mega ekki koma fram í merkjum sem sett eru á kjöt sem er flutt inn í Sambandið frá sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr sem eru staðsett utan Sambandsins.“

2. gr.

Heilbrigðismerki á kjöti sem er hæft til mannelis eftir skoðun fyrir og eftir slátrun mega áfram innihalda skammstafanirnar CE, EC, EF, EG, EK, EO, EY, ES, EÜ, EB, EZ, KE eða WE, sem settar eru fram í c-lið 1. liðar II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627, eins og sá liður var áður en honum var breytt með þessari reglugerð, til 31. desember 2028.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
